



Barnaheill
ÁRSSKÝRSLA 2019

Stjórn og starfsmenn



Barnaheill

Barnaheill – Save the Children á Íslandi 2019–2020

Stjórn

Harpa Rut Hilmarsdóttir, formaður
Elísa R. Ingólfssdóttir, varaformaður
Anni Haugen, meðstjórnandi
Brynja Dan Gunnarsdóttir, meðstjórnandi
Elísabet Guðmundsdóttir, meðstjórnandi
Gná Guðjónsdóttir, meðstjórnandi
Páll Valur Björnsson, meðstjórnandi
Birkir Már Árnason, varamaður
Guðlaugur Kristmundsson, varamaður
Guðmundur Steingrímsson, varamaður

Ungmennaráð

Klara Dröfn Tómasdóttir, formaður
Sigrún Ósk Jónsdóttir, varaformaður
Matthildur María Rafnsdóttir, ritari
Aníta Sóley Scheving Þórðardóttir, samfélagsmiðlar
Anja Sæberg, meðstjórnandi
Axel Ingi Hjálmarsson, meðstjórnandi
Sigríður Erla Borgarsdóttir, meðstjórnandi

Starfsmenn

Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri
Aldís Yngvadóttir, verkefnastjóri kynningarmála (til júlí 2019)
Ágústa K. Marisdóttir, bókar
Áslaug Ármannsdóttir, í tímabundnu verkefni í kynningarmálum
Birna Guðmundsdóttir, gjaldkeri og þjónustufulltrúi (frá ágúst 2019)
Guðbjörg Andrésdóttir, gjaldkeri og þjónustufulltrúi (til júní 2019)
Guðrún Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri innlendra verkefna (frá júní 2019)
Guðrún Helga Jóhannsdóttir, verkefnastjóri erlendra verkefna

Linda Hrönn Þórisdóttir, verkefnastjóri innlendra verkefna
Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri innlendra- og Evrópuverkefna
Sigríður Björnsdóttir, verkefnastjóri innlendra verkefna (frá júní 2019)
Þóra Hrunn Guðbrandsdóttir, í tímabundnu verkefni í kynningarmálum
Þóra Jónsdóttir, lögfræðingur og verkefnastjóri innlendra verkefna

Kjörnefnd

Bjarni Snæbjörnsson
Helga Sverrisdóttir
María Sólbergssdóttir
Til vara:
Ólafur Ó. Guðmundsson
Þórarinn Eldjárn

Laganefnd

Anni Haugen
Áslaug Björgvinsdóttir
Birkir Már Árnason

Til vara:

Bryndís Bachmann Gunnarsdóttir
Hrefna Dögg Gunnarsdóttir

Skoðunarmenn reikninga

Helga Jónasdóttir
Þórður Þórkelsson
Til vara:
Ellen Blomsterberg
Pétur Óli Gíslason

Fulltrúar í stjórn

Mannréttindaskrifstofu Íslands

Áslaug Björgvinsdóttir, aðalmaður
Erna Reynisdóttir, varamaður

Löggiltur endurskoðandi

Sigríður Ármannsdóttir

Verndari Barnaheilla –

Save the Children á Íslandi er Vigdís Finnbogadóttir



Stjórn Barnaheilla 2019-2020, f.v. Páll Valur Björnsson, Gná Guðjónsdóttir, Harpa Rut Hilmarsdóttir formaður, Guðlaugur Kristmundsson, Elísabet Guðmundsdóttir, Birkir Már Árnason og Elísa R. Ingólfssdóttir varaformaður. Á myndina vantar Anni Haugen, Brynju Dan Gunnarsdóttur og Guðmund Steingrímsson.

Efnisyfirlit

- 3 Frá formanni og framkvæmdastjóra
- 4 Líf og þroski
- 6 Menntun
- 7 Vernd barna gegn ofbeldi
- 9 Þátttaka
- 10 Innlent samstarf
- 11 Fjáröflun
- 15 Tekjur og gjöld 2019

Ársskýrsla 2019

Barnaheill – Save the Children á Íslandi
Reykjavík, maí 2020
Prentun: Litróf – umhverfsvottuð prentsmiðja
Forsíðumynd: Lára Garðarsdóttir

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru frjáls félagsamtök, stofnuð hér á landi árið 1989. Þau eiga aðild að alþjóðasamtökunum Save the Children sem voru stofnuð í Bretlandi árið 1919 og starfa nú í um 120 löndum. Stofnandi þeirra, Eglantyne Jebb, var með fyrstu baráttumanneskjum fyrir rétti barna til að alast upp við öryggi og frið. Hún átti hugmyndina að og skrifaði sáttmála um réttindi barna árið 1921 sem síðar varð grunnurinn að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samtökin vinna að mannréttindum barna með því að vera málsvari þeirra, efla menntun og veita mannúðar- og neyðaraðstoð þegar hörmungar dynja yfir samfélög. Save the Children eru stærstu alþjóðlegu frjálsu félagsamtökin sem starfa í þágu barna. Þau starfa eftir barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að rétti sérhvers barns til lífs, verndar, þroska og aukins áhrifamáttar. Vefsíða Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er barnaheill.is.

Stjórnir Barnaheilla og Blátt áfram tóku á árinu 2019 ákvörðun um að sameina krafta sína undir nafni Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Verkefni Blátt áfram urðu þannig hluti af þeirri starfsemi Barnaheilla sem snýr að vernd bara gegn ofbeldi.

Tilgangurinn með sameiningunni er að samnýta krafta beggja samtaka að því sameiginlega markmiði að berjast gegn ofbeldi á börnum. Samtökin vilja með þessu sýna gott fordæmi og trú á því að sameinuð séu þau sterkari rödd og öflugra hreyfiafl með víðtæka þekkingu og reynslu innanborðs.

Frá formanni og framkvæmdastjóra

Barnaheill - Save the Children á Íslandi vinna einbeitt að réttindum og velferð barna með barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna að leiðarljósi. Tilgangur samtakanna er að stuðla að heimi þar sem sérhvert barn fær uppfylltan rétt sinn til lífs og þroska, menntunar, verndar og áhrifa í samfélaginu.

Tekið var stórt skref í baráttunni gegn ofbeldi á börnum þegar Barnaheill og samtökin Blátt áfram voru sameinuð um mitt ár. Stjórnir beggja samtaka fóru yfir möguleika á sameiningu og komust að þeirri niðurstöðu að hagsmunir þessara tveggja samtaka færu sérlega vel saman. Tilgangurinn með sameiningunni var að samnýta krafta beggja samtaka með það að markmiði að vera leiðandi afl í forvörnum gegn ofbeldi á börnum. Á aðalfundi samtakanna í maí 2019 var samþykkt samhljóma að sameina samtökin undir nafni Barnaheilla – Save the Children á Íslandi frá og með 1. júní. Starfsfólk og stjórn finna að sameinuð eru samtökin sterkari rödd og öflugra hreyfiafl.

Megin áhersla Barnaheilla er, eins og áður segir, á vernd gegn ofbeldi á börnum. Umfangsmesta verkefni Barnaheilla undanfarin ár hefur verið forvarnarkerfnið **Vinátta** og var árið 2019 engin undantekning. Snemma árs var gefið út efni fyrir börn þriggja ára og yngri sem lengi hafði verið beðið eftir. Í lok árs höfðu 145 leikskólar og dagforeldrar fengið efnið til notkunar. Alls voru haldin 53 námskeið til kynningar og þjálfunar á notkun Vináttu með um 1500 þátttakendum. Ráðist var í mikla vinnu við endurútgáfu grunnskólaefnis Vináttu fyrir 1.-4. bekk á árinu. Námskefnið var endurskoðað þegar tilraunakennslu lauk og mun námskefnið koma út í endurbættri útgáfu vorið 2020. Við sameiningu Barnaheilla og Blátt áfram varð verkefnið **Verndarar barna** stærsta verkefni Barnaheilla sem snýr að forvörnum gegn kynferðisofbeldi. Verndarar barna er fræðslu- og forvarnarefni en hryggjarstykkið í verkefninu er námskeið þar sem kenndar eru einfaldar leiðir til að vernda börn gegn kynferðisofbeldi. Auk þess er fræðsla til barna og unglinga og stuðningur við þolendur ofbeldis hluti af verkefninu. Opnum stuðningsfundum við aðstandendur barna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi var komið á laggimar á árinu enda ljóst að mikil þörf er fyrir slíka þjónustu. Heildarfjöldi þeirra sem fengu fræðslu og stuðning á árinu 2019 var 3829 einstaklingar. Unnið var að endurgerð **Ábendingalínu** Barnaheilla á árinu 2019. Ný tilkynningasíða var opnuð í júní með barnvænu viðmóti. Alls bárust 90 tilkynningar á árinu og þar af 46 sem vörðuðu kynferðisofbeldi gegn börnum á neti.

Gerðar voru umsagnir um 27 lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir á árinu 2019. Til Barnaheilla leituðu tæplega 20 manns ráðgjafar vegna mála af ýmsum toga, s.s. forsjármála, eineltismála eða grunsemda um vanrækslu eða ofbeldi.

Ungmennaráð Barnaheilla var endurvakið á árinu og var ný stjórn kosin á aðalfundi í nóvember. Ráðið hefur sett sér starfsáætlun og hefur hafið störf. Fyrsta verkefnið var að hitta börn og ungmenni í leit að alþjóðlegri vernd. Formaður ráðsins er Klara Dröfn Tómasdóttir háskólanemi.

Viðurkenning Barnaheilla var að venju veitt við hátíðlega athöfn þann 20. nóvember á afmælisdegi Barnasáttmálans. Réttindaráð Hagaskóla hlaut viðurkenninguna að þessu sinni fyrir ötula og áhrifaríka baráttu fyrir börn og fjölskyldur sem hingað koma í leit að alþjóðlegri vernd.

Dagur mannréttinda barna var einnig haldinn á afmælisdegi Barnasáttmálans í samstarfi Barnaheilla, dómsmálaráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Var hann að vanda tileinkaður fræðslu um mannréttindi barna. Barnasáttmálinn

varð 30 ára og af því tilefni fékk hann sérstakan sess í starfi samtakanna á árinu. Barnaheill tóku þátt í gerð viðbótarskýrslu félagasamtaka til Barnaréttarnefndar SP um framkvæmd Barnasáttmálans á Íslandi, endurgerð á fræðsluefni um Barnasáttmálann og mánaðarlegum greina-skrifum um ákvæði hans.

Hjólasöfnun Barnaheilla var haldin í áttunda sinn á vormánuðum. Virðist

þörf fyrir hjól síst fara minnkandi. Um 250 hjólum var úthlutað í samstarfi við félagsþjónustur, grunnskóla og félagasamtök. Verkefnið hefur nú löngu sannað gildi sitt við að efla börn félagslega, líkamlega og andlega auk þess að stuðla að bættri umhverfisvitund og samfélagslegri ábyrgð.

Á aðalfundi Barnaheilla, 13. maí 2019, var ný stjórn Barnaheilla kjörin með fulltrúum bæði frá Barnaheillum og Blátt áfram. Úr stjórn Barnaheilla gengu Áslaug Björgvinsdóttir, Jón Ragnar Jónsson og Helga Arnardóttir og er þeim þökkud þeirra störf í þágu samtakanna. Formaður nýrrar stjórnar var kjörin Harpa Rut Hilmarsdóttir og þeir nýju stjórnarmenn sem komu inn voru Elísa Ingólfssdóttir varaformaður, Gná Guðjónsdóttir og Elísabet Guðmundsdóttir sem allar komu úr stjórn Blátt áfram. Auk þess kom Birkir Már Árnason inn sem varamaður í stjórn. Breytingar urðu á starfsliði á árinu. Sigríður Björnsdóttir og Guðrún Helga Bjarnadóttir komu frá Blátt áfram. Aldís Yngvadóttir lét af störfum og var Þóra Hrunn Guðbrandsdóttir ráðin tímabundið í hennar stað. Guðrún Helga Jóhannsdóttir, sem áður var í hlutastarfi sem sérfræðingur í erlendum verkefnum, var ráðin í fullt starf og tók hún einnig að sér verkefnastjórn kynningarmála í lok árs. Áslaug Ármansdóttir var ráðin tímabundið í tengslum við fjárflyunarátakið Stöðvum stríð gegn börnum.

Árleg fjárflyunarverkefni samtakanna eru gríðarlega mikilvæg sem og mánaðarlegur stuðningur **Heilavina**. Fjárflyunarátakið Út að borða fyrir börnin var haldið í níunda sinn með þátttöku 32 veitingastaða. Jólapeysan var að öðru sinni styrkt af Lindex á Íslandi og var afrakstrinum varið til styrktar börnum sem búa við stríðsaðstæður. Sala jólakorta er ennþá drjúgur liður í fjárflyun samtakanna. Í tilefni af 100 ára afmæli alþjóðasamtakanna tóku Barnaheill þátt í alheimsátakinu Stöðvum stríð gegn börnum. Átakið stóð yfir allt árið en aðalþungi fjárflyunarinnar var í október með góðum stuðningi fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Slíkur stuðningur er forsenda þess að samtökin geti unnið að verkefnum sem bæta aðstæður barna á Íslandi og erlendis. Stjórn og starfsfólk Barnaheilla þakka einlæglega allan stuðning og velvild í garð samtakanna.

Stjórnarfélagi, starfsfólki, ungmennaráði, sjálfbóðaliðum og samstarfsaðilum eru færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf á árinu.

Harpa Rut Hilmarsdóttir, formaður stjórnar og Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.



Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri og Harpa Rut Hilmarsdóttir, formaður.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá stofnun árið 1989 lagt áherslu á starf innanlands. Samtökin hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi og eru leiðandi afl í að breyta viðhorfum og verklagi varðandi málefni barna. Framtíðarsýn Barnaheilla er heimur þar sem sérhvert barn hefur tækifæri til að lifa og þroskast, fær gæðamenntun, lifir öruggu lífi og hefur tækifæri til að segja sína skoðun og hafa áhrif á mál sem það varðar.

ALMENN RÉTTINDABARÁTTA



Barnasáttmálinn

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Hann var samþykktur á allsherjarþingi SP þann 20. nóvember 1989, fullgiltur á Íslandi 27. nóvember 1992 og lögfestur hér á landi 20. febrúar 2013, með lögum númer 19/2013 og er nú hluti af íslenskri löggjöf. Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu hópur einstaklinga sem hafi sjálfstæð réttindi, óháð foreldrum eða forsjáraðilum, og að þau þarfnist sérstakrar umönnunar og verndar umfram fullorðna. Á árinu var 30 ára afmæli Barnasáttmálans fagnað og af því tilefni stóðu Barnaheill að mánaðarlegum greinaskrifum um tiltekin réttindi sáttmálans í samstarfi við umboðsmann barna og UNICEF.

Á árinu unnu Barnaheill að gerð viðbótar-skýrslu við 5. og 6. skýrslur Íslands til Barnaréttarnefndarinnar í Genf sem fylgist með framfylgd Barnasáttmálans í aðildarríkjum hans. Skýrslan var unnin í samstarfi níu félagasamtaka og var henni skilað til nefndarinnar í mars 2020. Fulltrúi Barnaheilla sat í ritstjórn skýrslunnar.

Undirbúningur hófst að vinnu við uppfærslu á vefnum barnasattmali.is í samstarfi við UNICEF, Umboðsmann barna og Menntamálastofnun. Unnar verða nýjar kennsluleiðbeiningar sem byggjast að hluta til á því efni sem til er. Einnig verður prentefni Barnasáttmálans uppfært. Verkefnið var styrkt af forsætisráðuneytinu.

Dagur mannréttinda barna

Barnaheillum – Save the Children á Íslandi var árið 2016 falið að sjá um framkvæmd á Degi mannréttinda barna í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og innarríkisráðuneytið. Barnaheill hafa með margvíslegum hætti hvatt kennara og skólástjórmenndur á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi til að fræða nemendur

um réttindi þeirra og hafa daginn í hávegum. Að þessu sinni var starfsfólk



allra þriggja skólastiganna hvatt til að hafa nemendaping í skólunum og fengu allir skólar sent skjal með drögum að uppsetningu og framkvæmd slíks þings. Þá var hvatt til þess að senda samtökunum niðurstöður þinganna svo þau hefðu færi á að koma þeim á framfæri til stjórnvalda.

Fátækt barna á Íslandi

Öll börn eiga rétt á að njóta þeirra réttinda sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og ekki má mismuna börnum hvað þau réttindi varðar eftir stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Þau eiga rétt á að lifa og þroskast, rétt á menntun, heilsuvernd, hvíld og tómstundum. Samt sem áður geta ekki öll börn notið ýmissa gæða til að eiga innihaldsríkt líf og ekki tekið þátt í samfélaginu á við önnur börn vegna efnahagslegrar stöðu foreldra þeirra.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa á undanförmum árum tekið þátt í starfi Evrópuhóps Save the Children þar sem fátækt barna í Evrópu hefur verið könnuð. Á árinu 2019 var áframhaldandi samvinna Evrópuhóps Save the Children um málefnið þar sem meðal annars var

skoðuð mismunun barna til þátttöku, svo sem í tómstundum, vegna efnahags foreldra þeirra og hvernig hægt væri að vinna gegn þeirri mismunun.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa sent stjórnvöldum áskoranir um að uppræta fátækt og að tryggja öllum börnum þau réttindi sem þeim ber samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, án nokkurrar mismununar.

Umhverfisstefna Barnaheilla og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Barnaheill hafa sett sér umhverfisstefnu sem nefnist *Ein jörð fyrir öll börn – um ókomna tíð*. Samtökin vilja með starfi sínu vinna gegn loftslagsbreytingum og annarri umhverfisvá sem bitnar á velferð barna og þeim réttindum sem þau eiga samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í störfum sínum í þágu barna hafa samtökin því sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Til að jörðin verði áfram byggileg þarf að nýta auðlindir með sjálfbærum hætti, minnka sóun, vinna gegn loftslagsbreytingum, vernda vistkerfi, vinna að jöfnuði í heiminum, gæta jafnræðis, auka menntun og uppræta fátækt. Jafnframt þarf að stunda lýðræðisleg vinnubrögð, efla þátttöku barna og ungmenna og taka mið af fjölbreytileika



Guðrún Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri innlendra verkefna hjá Barnaheillum kynnrir fjölbreytt starf samtakanna á Vornámskeiði Greiningarstöðvar ríkisins.

samfélaga. Í hverju verkefni sem unnið er í anda sjálfbærrar þróunar skal huga jafnt að umhverfisþáttum, félagslegri velferð og hagrænum þáttum. Við alla ákvarðanatöku, framkvæmdir, rekstur, innkaup og aðra starfsemi á vegum Barnaheilla skal leitast við að neikvæð áhrif á fólk, umhverfi og náttúru séu í lágmarki. Barnaheill telja mjög mikilvægt að allir sem vinna með börnum eða að málefnum þeirra taki skýra afstöðu í orði og verki gegn loftslagsbreytingum því loftslagsbreytingar eru helsta ógn velferðar barna til framtíðar. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eiga að stuðla að sjálfbærri þróun. Á árinu 2019 kortlögðu Barnaheill verkefni samtakanna út frá Heimsmarkmiðunum og hyggjast samþætta Heimsmarkmiðin og umhverfisstefnuna enn frekar allri vinnu.

HEILBRIGÐISMÁL



Samkvæmt 24. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að njóta besta mögulega heilsufars sem hægt er að tryggja með lækniástoð og heilbrigðisþjónustu. Samtökin leggja áherslu á að börnum á Íslandi sé ekki mismunað hvað það varðar.

Á undanförunum tveimur árum hafa Barnaheill tekið þátt í samstarfi með Proskahjálpi og fleiri samtökum til að skoða sérstaklega stöðu fatlaðra barna af erlendum uppruna á Íslandi. Skoðun hefur leitt í ljós að veruleg þörf er á að bæta þjónustu og upplýsingagjöf til fjölskyldna fatlaðra barna af erlendum uppruna. Helstu hindranir fyrir því að þessi börn njóti nægilegs stuðnings eru tungumálaörðugleikar, lítil skilningur og þekking á þjónustukerfum við fötluð börn sem og viðkvæm fjárhagsstaða. Barnaheill munu áfram þrýsta á um bættu þjónustu við fötluð börn með erlendan bakgrunn.

Rekstur íbúðar fyrir fjölskyldur langveikra barna

Barnaheill eiga íbúð í Reykjavík, sem ætluð er fjölskyldum veikra barna af landsbyggðinni. Barnaspítali Hringins hefur haft umsjón með notkun hennar og útleigu. Íbúðin er á Skúlagötu og voru dvalardagar 235 á árinu 2019 sem er 64% nýting. Upp kom leki frá eldhúsvaski íbúðarinnar og þurfti að skipta um parket á gólfi og mála íbúðina. Þær framkvæmdir stóðu yfir í um 6 vikur og ekki var hægt að nýta íbúðina á meðan á þeim framkvæmdum stóð.



Herra Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands, Harpa Rut Hilmarsdóttir formaður stjórnar Barnaheilla og Erna Reynisdóttir framkvæmdastjóri Barnaheilla ásamt Zainab Safari og Réttindaráði Hagaskóla.

MÁLVARAHLUTVERK BARNHEILLA

Barnaheill taka virkan þátt í lýðræðislegri umræðu og er málvarahlutverkið mikilvægur liður í starfi samtakanna í þágu barna. Barnaheill þrýsta á stjórnvöld og aðra sem koma að málefnum barna eða eiga að standa vörð um réttindi þeirra. Samtökin senda reglulega umsagnir til Alþingis um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir er lúta að málefnum barna hér á landi sem og erlendis. Jafnframt eru sendar út ályktanir og áskoranir til stjórnvalda og annarra aðila þegar samtökin telja brotið á réttindum barna. Á árinu 2019 sendu samtökin frá sér alls 27 umsagnir: Allar umsagnir Barnaheilla má finna á vefsíðu samtakanna undir liðnum **Starfið okkar – Gætum réttinda barna**. Samtökin senda einnig reglulega greinar til fjölmiðla um málefni barna og þau verkefni sem samtökin vinna að. Allar greinarnar má finna á vefsíðu samtakanna undir liðnum **Fræðsla**.

Ráðgjöf

Einn þáttur í starfi Barnaheilla er ráðgjöf þar sem börn og fullorðnir geta leitað upplýsinga um réttindi barna. Tæplega 20 erindi bárust á árinu 2019. Málín voru af ýmsum toga; forsjármál, umgengismál, eineltismál, grunur um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og réttindamál ýmiss konar.

Viðurkenning Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Frá árinu 2002 hafa samtökin veitt viðurkenningu fyrir sérstakt framlag í

þágu barna og mannréttinda þeirra. Viðurkenningin er veitt til að vekja athygli á Barnasáttmálanum og mikilvægi þess að íslenskt samfélag standi vörð um mannréttindi barna. Viðurkenning Barnaheilla er veitt á afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember. Árið 2019 hlaut Réttindaráðið Hagaskóla Viðurkenningu Barnaheilla fyrir ötulllega baráttu fyrir réttindum skólasystur sinnar Zainab Safari, réttindaráðið mótmælti harðlega áformum stjórnvalda að senda Zainab og fjölskyldu hennar úr landi með vísan í Barnasáttmálanum og með áskorun til stjórnvalda að taka mið af Barnasáttmálanum við ákvarðanir sínar um mál Zainab. Eftir mikinn þrýsting frá almenningi, sem hrundið var af stað má segja af Réttindaráði Hagaskóla, lét dómsmálaráðherra breyta reglugerð um útlendinga sem gerði það að verkum að útlendingastofnun var gert kleift að veita Zainab og fjölskyldu hennar efnislega meðferð á umsókn þeirra um alþjóðlega vernd á Íslandi.

Afhending viðurkenningarinnar fór fram í veislu veitingastaðarins Nauthóls. Harpa Rut Hilmarsdóttir, formaður Barnaheilla, flutti ávarp og tilkynnti hver hlyti viðurkenninguna. Herra Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, flutti ávarp og afhenti viðurkenninguna. Hljómsveit úr Skreksatriði Hagaskóla flutti lagið „Eftir 13000 mistök“ eftir Theu Snæfríði Kristjánsdóttur. Aníta Sóley Þórðardóttir talaði fyrir hönd ungmennaráðs Barnaheilla. Guðmundur Steingrímsson stjórnarmaður í stjórn Barnaheilla stýrði athöfninni.


FRÆÐSLA, FORVARNIR OG KYNNINGAR-STARF



Ár hvert veita starfsmenn Barnaheilla fræðslu um samtökin og starfsemi þeirra, um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og annað sem tengist mannréttinda- og mannúðarmálum barna. Námsfólk, skólar, önnur samtök og opinberir aðilar leita til Barnaheilla eftir upplýsingum og fræðslu. Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að vera með stöðuga og trausta upplýsingagjöf til fjölmörgu um málefni er varða börn og mannréttindi þeirra. Allar fréttatilkynningar og blaðagreinar frá Barnaheillum eru birtar á heimasíðu samtakanna og á samfélagsmiðlinum Facebook.

FRÆÐSLUEFNI

Einn liður í fræðslustarfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er gerð fræðsluefnis um réttindi barna, um vernd barna gegn ofbeldi og um öryggi barna. Á vefsíðu samtakanna, www.barnaheill.is, er að finna upplýsingar um einkenni og afleiðingar líkamlegs, andlegs og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum, eineltis, vanrækslu og þess að búa við heimilisofbeldi. Einnig eru þar upplýsingar um hvert hægt er að leita vakni grunur um ofbeldi gegn börnum.



Í samvinnu við umboðsmann barna, UNICEF á Íslandi og Menntamálastofnun, halda samtökin úti námsvef og gefa út veggspjöld og bæklinga um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindi barna. Námsvefurinn barnasattmali.is, er aðallega ætlaður til notkunar í grunnskólum landsins og hentar nemendum frá 5 til 14 ára. Vefurinn er einnig ætlaður börnum og fullorðnum til almennrar notkunar. Vefurinn er nú í endurskoðun

og verður endurnýjaður á árinu 2020. Hafist var handa við undirbúning á árinu 2019. Verkefnið hlaut styrk frá forsætisráðuneytinu og er verkefnastjórn í höndum Barnaheilla.

Barnaheill tóku þátt í útgáfu viðmiða um skjánötkun barna, í samstarfi við umboðsmann barna, Embætti landlæknis, Heilsugæsluna, Heimili og skóla, Landspítalann og SAFT. Viðmiðin eru aldursskipt, fyrir 0–5 ára, 6–12 ára og 13–18 ára. Viðmiðin er að finna á vef Barnaheilla.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi gefa út veggspjald um slysavarnir barna til að afhenda foreldrum í ung- og smábarnavernd hjá heilsugæslunni. Veggspjaldið nefnist Örugg börn. Veggspjaldinu var dreift í 874 eintökum með aðstoð heilsugæslustöðva.

Fulltrúar Barnaheilla fara víða með fræðsluerindi um mannréttindi barna, forvarnir og vernd gegn ofbeldi. Engin breyting var þar á árið 2019.

VERND BARNA GEGN OFBELDI



Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum íslenskum lögum eiga börn rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi og vanrækslu; gegn líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi og gegn því að vera neydd til vændis eða þátttöku í kynlífsiðnaði. Börn eiga enn fremur rétt á að vera vernduð fyrir upplýsingum og öðru efni sem getur skaðað velferð þeirra. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá upphafi lagt áherslu á mikilvægi þess að vernd barna gegn ofbeldi sé tryggð. Samtökin hafa beitt sér fyrir breytingum á löggjöf, unnið að verkefnum og gert fræðsluefni þar að lútandi.

Ábendingalína Barnaheilla

Frá árinu 2001 hafa Barnaheill rekið Ábendingalínu um ólöglegt og óviðeigandi efni á netinu sem varðar börn, í samstarfi við Ríkislögreglustjóra. Á árinu 2019 var unnið að endurgerð Ábendingalínunnar og ný tilkynningarsíða var opnuð í júní. Helsta nýjungin á henni er að henni er nú aldursskipt og börnum er gert auðvelt fyrir að tilkynna sjálf um efni sem þau finna á netinu og/eða efni sem varðar

þau sjálf með beinum hætti. Alls bárust 90 tilkynningar til Ábendingalínunnar á árinu og þar af voru 46 sem vörðuðu kynferðisofbeldi gegn börnum á neti. Ábendingalínan er hluti af SAFT verkefninu sem er í samvinnu við Heimili og skóla og Rauða krossinn sem rekur Hjálparsmann 1717. SAFT verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu.

Barnaheill eru meðlimir í Inhope, regnhlífasamtökum ábendingalína um allan heim. Með þátttöku í þeim samtökum taka Barnaheill þátt í að vinna gegn útbreiðslu kynferðisofbeldis gegn börnum á neti hvar sem er í heiminum. Á hverju ári berast yfir hundrað þúsund tilkynningar til ábendingalína innan Inhope.

Í mars 2019 stóðu Barnaheill og SAFT fyrir málþingi um börn og samskipti á Internetinu, í samstarfi við Stýrihóp stjórnarráðsins um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og lögregluna á Suðurnesjum (sem sinnir greiningu ábendinga fyrir hönd Ríkislögreglustjóra). Aðalræðumaður á málþinginu var Fred Langford, forseti Inhope. Á málþinginu var ný tilkynningarsíða Ábendingalínunnar kynnt og kallað var eftir tillögum um betrubætur fyrir síðuna.

Inhope stóð fyrir tveimur ráðstefnum á árinu fyrir meðlimi samtakanna, í Berlín og Dublin. Verkefnastjóri Ábendingalínunnar hjá Barnaheillum sótti báðar ráðstefnurnar.

Inhope fagnaði 20 ára afmæli á árinu 2019 og við það tækifæri var ný vefsíða samtakanna opnuð.

Vernd barna gegn kynferðisofbeldi af hálfu ferðamanna sem eru á ferð erlendis

Samtökin gefa út póstkort með áletruninni **Áriðandi skilaboð til ferðamanna**. Þar eru ferðamenn hvattir til að vera ábyrgir og tilkynna til ferðaskrifstofu, fararstjóra eða lögreglu ef þá grunar að fullorðinn einstaklingur eigi kynferðislegt samneyti við barn og taka þannig þátt í að vernda barnið gegn ofbeldinu og að koma því til hjálpar. Heilsugæslan hefur lagt samtökunum lið með því að hafa kortið sýnilegt og afhenda það þeim sem leita til heilsugæslunnar áður en þeir leggja í ferðalög til fjarlægja landa.

Vernd barna gegn ofbeldi



Ásmundur Einar Daðason, barnamálaráðherra, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands og Harpa Rut Hilmarsdóttir formaður Barnaheilla hlýða á leikskólabörn í Fífuborg syngja Vináttulög við Útgáfuleði Vináttu fyrir 0-3 ára.

VINÁTTA – FRI FOR MOBBERI

Í febrúar 2014 undirrituðu Barnaheill – Save the Children á Íslandi samstarfs-samning við Mary Fonden og systur-samtökin Red barnet – Save the Children í Danmörku um notkun á námsefninu *Fri*

for mobberi, forvarnaverkefni gegn einelti í leikskólum og yngstu bekkjum grunnskóla. Á Íslandi fékk námsefnið heitið *Vináttu*. Í lok árs 2019 var fjöldi leikskóla sem vinna með námsefnið orðinn 145, eða um 60% leikskóla á Íslandi. Í byrjun árs 2019 kom út námsefni fyrir börn yngri en þrjú ára

í leikskólum og hjá dagforeldrum og hafa viðtökurnar verið mjög góðar. Sérstök útgáfuleði á námsefninu fyrir 0–3ja ára var haldin í leikskólanum Fífuborg í Reykjavík í janúarmánuði. Forseti Íslands, hr. Guðni Th Jóhannesson og Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra fluttu ávarp og leikskólabörn á Fífuborg sungu nokkur lög með Ragnheiði Gröndal og Stefáni Erni Gunnlaugssyni sem flytja tónlist sem fylgir námsefni Vináttu.

Á árinu 2019 var unnið að þýðingu og endurgerð grunnskólaefnisins og mun það koma út með vorinu 2020 og standa þá öllum grunnskólum til boða. Á árinu 2019 voru haldin samtals 53 námskeið og kynningar á *Vináttu* sem skiptst skv. meðfylgjandi töflu.

Alls fengu um 1500 kennarar og foreldrar fræðslu um *Vináttu* á árinu og áætla má að daglega séu um 16.000 nemendur í leikskólum og um 6.500 nemendur í grunnskólum að vinna með námsefni *Vináttu*.

Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands er verndari *Vináttu*.

Vináttu
Fri for Mobberi

Tegund námskeiðs

Tegund námskeiðs	Fjöldi	Staðsetning
Námskeið vegna námsefnis 3ja–6 ára og grunnskóla	8	Húsnæði Barnaheilla
Námskeið vegna námsefnis 0–3ja ára	15	Húsnæði Barnaheilla
Tónlistarnámskeið	1	Húsnæði Barnaheilla
2ja klst. kynningar í skólum	11	Í viðkomandi skóla
Námskeið leikskóla fyrir alla starfsmenn	10	Í viðkomandi skóla
Námskeið grunnskóla fyrir alla starfsmenn	2	Í viðkomandi skóla
Tónlistarnámskeið í skólum	2	Í viðkomandi skóla
Foreldrakynningar í skólum	4	Í viðkomandi skóla
Samtals	53	



Vernd barna gegn ofbeldi



Sigríður Björnsdóttir og Harpa Rut Hilmarsdóttir stjórnarformenn Barnaheilla og Blátt áfram við undirritun viljayfirlýsingar um sameiningu.



VERNDARAR BARNNA

Barnaheill – Save the Children á Íslandi og Blátt áfram sameinuðust á árinu undir merkjum Barnaheilla. Eitt stærsta verkefni Blátt áfram var forvarnaverkefnið Verndarar barna.

Markmið Verndara barna er að vernda börn gegn kynferðisbrotum og skapa öruggari og traustari framtíð fyrir börn. Með fræðslu til fagaðila, kennara og annarra sem annast og sinna börnum bjóðast góðar og gagnlegar leiðir til að

vernda börnin. Með fræðslu er stuðlað að aukinni þekkingu allra um gildi og mikilvægi forvarna gegn kynferðisofbeldi.

Námskeið

Viðamesta verkefnið undir hatti Verndara barna er samnefnt námskeið. Markmið námskeiðsins Verndarar barna, er að kenna einfaldar leiðir til að vernda börn gegn kynferðisofbeldi. Leiðirnar felast í mikilvægum skrefum til að auka vitneskju um það hvernig megi koma í veg fyrir ofbeldi, hvernig bregðast megi við, ásamt upplýsingum um hvernig tilkynna á um grun um ofbeldi.

Nýtt fræðsluefni sem fylgir námskeiðinu inniheldur myndefni og vinnubók. Efnið er byggt á nýlegum íslenskum og erlendum rannsóknum. Í myndefninu koma fram sérfræðingar sem starfa með börnum auk þolenda sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi í æsku. Rannsóknir á eldra efni sem notað var á námskeiðunum sýna að þekking og viðhorf þátttakenda á ýmsu er viðkemur kynferðislegu ofbeldi eykst og breytist í kjölfar þess að hafa hlotið þjálfun. Hafið er samstarf við Háskóla Íslands um að gera úttekt á áhrifum nýja efnisins.

Forvarnir til að fyrirbyggja

Fræðsla og forvarnir um kynferðisbrot gegn börnum aðstoða fólk við að greina á milli fyrirbyggjandi aðgerða og leiðbeininga þegar ofbeldið hefur átt sér stað. Forvörnum er gjarnan skipt í þrjú stig, fyrsta, annars og þriðja stigs forvarnir. Boðið er upp á fræðslu og þjónustu á öllum stigunum á vegum forvarnaverkefnis Barnaheilla Verndara barna.

Fyrsta stigs forvarnir

Mikilvægasta markmiðið er að koma í veg fyrir ofbeldi áður en það á sér stað. Fyrsta stigs forvarnafræðsla felur í sér fræðslu til fullorðinna, fjölskyldna og samfélagsins í heild. Aukin fræðsla hefur áhrif á viðhorf og þekkingu fullorðinna og eykur líkur á því að fullorðnir treysti sér frekar í opnari umræðu við aðra fullorðna og börn um þessi málefni. Það getur einnig leitt til þess að fleiri börn komi fram og segi frá. Lykillinn að forvörnum er upplýst umræða sem skapar aukna þekkingu og trú fólks á eigin getu til að stíga fram og stöðva ofbeldi.

Annars stigs forvarnir

Annars stigs forvarnafræðsla er með það

að markmiði að fræða börn um kynferðisofbeldi, setja sér og öðrum mörk og hvert er hægt að leita sér aðstoðar ef þau verða fyrir slíku ofbeldi. Fræðslan er ávallt sniðin að þeim aldurshópi sem hún beinist að.

Þriðja stigs forvarnir

Þriðja stigs forvarnafræðsla snýr að því að aðstoða þolendur sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi. Þegar börn segja frá eftir að hafa hlotið fræðslu er mikilvægt að málin fari í réttan farveg. Stuðningur við foreldra og aðstandendur barna sem segja frá ofbeldi er ný þjónusta sem Barnaheill veita.

Verndarar barna - Fræðsla 2019

Fræðsla til fullorðinna fer að mestu fram meðal starfsfólks í leik- og grunnskólum landsins. Heildarfjöldi þeirra sem fengu fræðslu 2019 voru 3.829.

- 324 fullorðnir gerðust Verndarar barna með því að sækja samnefnt námskeið.
- Átta fullorðnir voru þjálfaðir sem leiðbeinendur á forvarnanámskeiðinu Verndarar barna.
- Níu aðilar fengu ráðgjöf.
- 207 fullorðnir hlýddu á fyrirlestur um forvarnir og viðbrögð vegna kynferðisbrota.
- 37 fullorðnir mættu á kvöldfundi foreldra.
- Sjö fullorðnir fengu þjálfun í Bella Net sem er forvarnafræðsla fyrir leiðbeinendur félagsmiðstöðva.
- 447 unglingar fengu lífsleikni-fræðslu.
- 1930 börn í þriðja bekk í grunnskólum sáu fræðslumyndina Leyndarmálið.

ÁHRIFAMÁTTUR BARNNA



Samkvæmt 12. og 13. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að tjá sig, leita upplýsinga, láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif. Barnaheill leggja áherslu á að vera í samstarfi við börn og ungmenni og er starf Ungmennaráðs og samstarf við skóla liður í þeirri áherslu samtakanna að rödd barna heyrst betur í íslensku samfélagi.

Ungmennaráð Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Á árinu 2019 var unnið að endurnýjun ungmennaráðs Barnaheilla þar sem



Ungmennaráð Barnaheilla. Á myndinni eru f. v. Sigrún Ósk Jónsdóttir, Klara Dröfn Tómasdóttir, Axel Ingi Hjálmarsson og Aníta Sóley Scheving Þórðardóttir. Á myndina vantar Önju Sæberg, Sigríði Erlu Borgarsdóttur og Matthildi Maríu Rafnsdóttur.

fyrirum félagar héldu að mestu til annarra starfa, vegna aldurs og til framhaldsnáms. Í nóvember fór fram aðalfundur ungmennaráðsins þar sem ný stjórn var kosin. Nýja stjórn skipa: Klara Dröfn Tómasdóttir, formaður og meðstjórnendur eru Sigrún Ósk Jónsdóttir, Aníta Sóley Scheving Þórðardóttir, Anja Sæberg, Axel Ingi Hjálmarsson, Sigríður Erla Borgarsdóttir og Matthildur María Rafnsdóttir.

INNLENT SAMSTARF

Barnaheill eiga í viðtæku samstarfi við opinbera aðila, stofnanir og frjáls félagasamtök sem vinna að málefnum barna hér á landi. Samtökin starfa í nánun samstarfi við Umboðsmann barna og UNICEF á Íslandi. Á árinu voru Barnaheill kölluð til samráðs við mótun nokkurra mikilvægra mála. Þar má nefna samráð um mótun stefnu um stafrænt kynferðisofbeldi og um forvarnir og fræðslu um kynferðisofbeldi, en sú vinna er leidd af Stýrihópi Stjórnarráðsins um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi. Einnig má nefna samráð um stefnumótun um málefni barna, en í því felst heildarendurskoðun barnaverndarlaga og endurskoðun á félagslegri umgjörð og stuðningi á Íslandi með áherslu á snemmtæka íhlutun og samvinnu kerfa. Er sú vinna leidd af Félags- og barnamálaráðuneytinu.

Á árinu áttu Barnaheill gott samráð við Barnaverndarstofu með reglulegum fundum við forstjóra hennar.

Barnaheill hafa tekið þátt í starfi Velferðar-

vaktar velferðarráðuneytis frá stofnun hennar árið 2009 og eiga samtökin fulltrúa í báðum samráðshópum vaktarinnar. Vaktin er samráðs- og samstarfsvettvangur og álitsgjafi á sviði velferðarmála. Barnaheill eiga samstarf við önnur íslensk mannuðarsamtök og er tilgangur samstarfsins að styrkja hlutverk allra samtakanna og auka sýnileika þeirra í íslenski þróunarsamvinnu. Barnaheill eru einnig aðilar að Almannaheillum – samtökum þriðja geirans og eiga fulltrúa í stjórn þeirra.

Í tengslum við Barnaþing sem haldið var í Hörpu dagana 21. og 22. nóvember voru Barnaheill með fulltrúa í samráðshópi sem kom að skipulagi og fyrirkomulagi þingsins. Samráðshópurinn hittist nokkrum sinnum á árinu við undirbúning þingsins.

SAFT

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru aðili að SAFT verkefninu. SAFT er vakningarátak um örugga net- og tækninotkun barna og unglunga á Íslandi. Verkefnið er hluti af **Connecting Europe facility (CEF)**, og nýtur fjárstuðnings Evrópusambandsins á grundvelli netöryggishluta samgönguáætlunar ESB. Aðilar að SAFT á Íslandi eru auk Barnaheilla; Heimili og skóli, Ríkislögreglustjóri og Rauði krossinn. Ábendingalína Barnaheilla er einn hluti verkefnisins en að auki gefur SAFT út efni og er með fræðslu til foreldra og skóla sem á að stuðla að ábyrgri og öruggri netnotkun.

SAMAN-hópurinn

Markmiðið með starfi SAMAN-hópsins

er að styðja og styrkja foreldra í uppeldis- hlutverkinu. Lögð er áhersla á samveru foreldra og barna, á tímamótum, á hátíðum og í leyfum og sendir hópurinn skilaboð til foreldra í þá veru. Rannsóknir hafa sýnt að samvera foreldra og barna er ein besta forvörnin og að börn og unglingar vilja verja meiri tíma með foreldrum sínum. Hefðbundin verkefni SAMAN-hópsins er að framleiða segla með útivistarreglum sem sveitarfélög sjá um dreifingu á, sending skilaboða til foreldra barna í lok 10. bekkjar og í upphafi framhaldsskólagöngu til að minna á 18 ára ábyrgð foreldra, ýmis jákvæð skilaboð til foreldra í gegnum samfélagsmiðla, hvatning til að njóta tíma- móta saman svo sem með jóladagatali fyrir jólin, á áramótum, menningarnótt og yfir sumartímamann. Vefsvæði hópsins er **samanhópurinn.is** og er hópurinn jafnframt með Facebook-síðu.

Störf SAMAN-hópsins hafa vakið athygli erlendis undanfarin ár; m.a. vegna hins góða árangurs sem Íslendingar hafa náð í að minnka áfengisneyslu

barna og ungmenna á undanföllum áratugum. Fulltrúi Barnaheilla tók að sér að kynna starfsemi SAMAN-hópsins nokkrum sinnum á árinu 2019 fyrir fulltrúum erlendra sveitarfélaga og stjórnvalda. Auk þess kynnti hann starf SAMAN-hópsins á Náum áttum fundi í maí sem fjallaði um hlutverk foreldra í forvörnum.

Náum áttum-hópurinn

Fræðslu- og forvarnahópurinn **Náum áttum** skipuleggur morgunverðarfundum um ýmis mál er varða forvarnir og velferð barna og ungmenna. Í hópnum eiga sæti fulltrúar nokkurra stofnana og félagasamtaka sem ákveða saman fundarefni og skipuleggja dagskrá fundanna og útvega einnig fyrirlesara og aðstöðu. Meðal þess sem fjallað var um á fræðslufundum á árinu 2019 var persónuvernd barna, jákvæð samskipti í starfi með börnum, heilsa og velferð, hlutverk foreldra í forvörnum, stuðningur við ungmenni í áhættu vegna vímuefnaneyslu og áhrif barna á eigin réttindi og samfélag.

Vefsvæði hópsins er naumattum.is og hópurinn er jafnframt með Facebook-síðu.

Innlent samstarf



Hr. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, mættur til að setja landssöfnun Verndara barna af stað.



Lyklakippa og ljós sem selt var 2019.

Hjólásöfnun

Hjólásöfnun Barnaheilla var haldin áttunda árið í röð í samvinnu við Æskuna, barnahreyfingu IOGT og endurvinnslustöðvar Sorpu. Markmið hjólásöfnunarinnar er að börn í félagslega eða fjárhagslega erfiðri stöðu eignist hjól og geti þar með verið þátttakendur í samfélagi barna með auknum hætti og að þau eflist þar með félagslega og heilsufarslega, jafnt líkamlega sem andlega. Að auki getur verkefnið stuðlað að valdeflingu barna, bættri umhverfisvitund og samfélagslegri ábyrgð.

Hjólásöfnunin hófst formlega þann 15. mars í móttökustöð Sorpu við Sævarhöfða. Persónan Matthildur úr samnefndu leikriti sem frumsýnt var í Borgarleikhúsinu sama dag afhenti fyrstu hjólin í söfnunina. Matthildur bjó við slæmar aðstæður, var vanrækt og beitt ofbeldi. Hún náði með hugrekki, kænsku og góðmennsku sinni að breyta aðstæðum sínum til hins betra. Matthildur er því góður talsmaður barna og ungmenna sem búa við óviðunandi aðstæður en það er eitt af meginmarkmiðum Barnaheilla að verja börn gegn ofbeldi.

Hjólum var safnað á móttökustöðvum Sorpu sem eru um allt höfuðborgarsvæðið. Sjálfboðaliðar gerðu hjólin upp undir stjórn sérfræðinga í reiðhjólaviðgerðum. Hjólunum var úthlutað börnum efnaminni fjölskyldna í samstarfi við félagsþjónustu sveitarfélaga, grunnskóla, Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur, Rauða krossinn, Kvennaathvarfið

og Hjálparstarf kirkjunnar. Um 500 hjól söfnuðust og um 250 hjólum var úthlutað. Að þessu sinni fengu samtökin húsnæði undir söfnunina við Víkurhvarf I í Kópavogi. Margir komu að stuðningi við verkefnið og má þar nefna Eimskip Flytjanda, Dominos, Bílaleigu Akureyrar, Krónuna, Íslenska gámafélagið, Gámastöðina, Hringrás og Kiwanis í Hafnarfirði.

FJÁRÖFLUN

Út að borða fyrir börnin

Frá 15. febrúar til 15. mars 2019 fór árlega fjáröflunarátakið Út að borða fyrir börnin fram í níunda sinn. Alls tóku 32 veitingastaðir á 102 stöðum þátt í átakanu með því að láta hluta af ágóða valinna rétta renna til verkefna Barnaheilla sem snúa að vernd barna gegn ofbeldi.

Landssöfnun

Árlega standa Verndarar barna fyrir landssöfnun til að halda áfram baráttunni fyrir vernd barna gegn kynferðisofbeldi.

Með söfnuninni er einnig verið að vekja athygli á alvarleika kynferðisafbrotu á börnum og að gæta þurfi að velferð barna í hvívetna. Forseti Íslands Hr. Guðni Th. Jóhannesson aðstoðaði við að starta söfnuninni árið 2019 þar sem hann kom akandi á elsta forsetabilnum í fylgd mótorhjólakappa B.A.C.A (Bikers against child abuse).

Um 17.000 manns fylgjast með Verndurum barna á Facebook. Þar eru birt ráð og leiðbeiningar, upplýsingar um verkefnið og fræðslu framundan.



Hjólásöfnunin formlega sett af stað. Á myndinni eru f.v. Sigurbjörg Helga Sigurgeirsdóttir frá Æskunni, Aðalsteinn Gunnarsson verkstæðisformaður frá IOGT, Linda Hrönn Þórisdóttir verkefnastjóri Hjólásöfnunar, Erna Tómasdóttir í hlutverki Matthildar, Guðmundur Tryggvi Ólafsson rekstarstjóri Sorpu, Elsa Margrét Þórðardóttir sem tók við fyrstu hjólunum og Erna Reynisdóttir framkvæmdastjóri Barnaheilla.



Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri Lindex á Íslandi færir Ernu Reynisdóttur styrk vegna Jólapeysunnar.

Jólapeysan

Fjáröflun í tengslum við jólapeysuna fór fram í sjöunda sinn. Safnað var fyrir neyðaraðstoð við stríðshrjáð börn í Jemen og Sírlandi og var það fataverslunin Lindex sem styrkti með því að láta 10% af andvirði valinna jólapeysa renna til samtakanna. Jólapeysan er að fyrirmynd **Christmas Jumper** átaks Save the Children í Bretlandi en hefur verið aðlagð að íslenski menningu og aðstæðum.



Bergún Íris Sævarsdóttir teiknaði jólakort Barnaheilla 2019.

Jólakort

Sala jólakorta er afar mikilvæg fjáröflunarleið fyrir Barnaheill sem reiða sig alfarið á frjáls framlög einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila. Bergún Íris Sævarsdóttir teiknaði myndina sem prýddi jólakort samtakanna árið 2019.



Utanríkisráðherra afhent áskorun. Utanríkisráðherra ásamt fulltrúum barna og Barnaheilla við afhendingu áskorunarinnar.

STÖDVUM STRÍÐ GEGN BÖRNUM

Barnaheill hleyptu af stokkunum söfnunarátaki á 100 ára afmælisári alþjóðasamtakanna Save the Children, undir nafninu Stöðvum stríð gegn börnum. Allur ágóði átaksins rann til verkefna Barnaheilla í Sírlandi og Jemen sem snúa að mataraðstoð, menntun, heilbrigðisþjónustu og sálrænum stuðningi við börn.

Forsetahjónin herra Guðni Th. Jóhannesson og frú Eliza Reid hleyptu áttakinu af stokkunum í Smáralind þar sem þau „undirrituðu“ yfirlýsingu um að stöðva stríð gegn börnum á táknrænan hátt með því að setja handarfar sitt á stóran vegg sem settur var upp í Smáralind.

Fulltrúar Barnaheilla – Save the Children afhentu utanríkisráðherra áskorun um að stöðva stríð gegn börnum og biðluðu til hans að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að stöðva stríð gegn börnum og að Ísland verði í fararbroddi í slíkri vinnu.



Veggurinn í Smáralind með táknrænum „undirritunum“.



Drengur á gangi í flóttamannabúðum í norðurhluta Sírlands.

Helstu áherslur í alþjóðastarfi Barnaheilla – Save the Children byggjast á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og eru á grunnmenntun barna, vernd barna gegn ofbeldi, heilbrigði, réttindabaráttu og neyðaraðstoð. Í 28. grein sáttmálans segir að öll börn eigi rétt á endurgjaldslausri grunnmenntun, í 19. grein er kveðið á um rétt barna á vernd gegn líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi sem og gegn vanrækslu og samkvæmt 24. grein eiga öll börn rétt á heilsugæslu.

EVROÞUSAMSTARF

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eiga aðild að Evrópuhópi Save the Children. Evrópuhópurinn vinnur að almennri réttindabaráttu fyrir börn, vernd barna gegn ofbeldi, málefnum vegalausra barna, hælsleitenda, barna sem eru fórnarlömb mansals og gegn fátækt barna í Evrópu. Samtökin beita sér fyrir því, meðal annars í gegnum lagaumsagnir, að réttur barna og sérstaða sé tryggð í samningum Evrópusambandsins og á EES-svæðinu. Árið 2019 tóku samtökin virkan þátt í starfi yfirhóps og hóps um fátækt.

MANNÚÐARADSTOÐ BARNAHEILLA – SAVE THE CHILDREN Á ÍSLANDI



Í mars 2019 sendu samtökin með stuðningi frá utanríkisráðuneytinu tæplega 20 milljónir íslenskra króna til stuðnings

jemenskum börnum og fjölskyldum þeirra innan landamæra Jemen. Helmingur fórnarlamba átakanna í Jemen eru börn og frá því að átökin hófust hefur öryggi þeirra verið verulega ógnað, grunnþjónustu margra þeirra hefur ekki verið mætt og eru áhrifin á velsæld þeirra gífurleg. Markmið verkefnanna er að lina þjáningar barna og fjölskyldna þeirra sem eru fórnarlömb átakanna í Jemen. Verkefnin snúa að grundvallarmannréttindum barna, verndun barna, fæðuöryggi, heilsu, hreinlætisaðstöðu, næringu og menntun.

MANNÚÐAR- OG NEYÐARAÐSTOÐ ALÞJÓÐASAMTAKANNA

Mannúðar- og neyðaraðstoð er ein af meginstöðum alþjóðasamtaka Save the Children. Samtökin eru með áratuga reynslu í neyðar- og mannúðaraðstoð á hamfarasvæðum. Þar sem samtökin vinna að þróunarverkefnum í um 120 löndum eru þau oftast ekki með starfsemi í nálægð við staði þar sem náttúruhamfarir eða hörmungar af einhverju tagi verða og geta því brugðist fljótt við neyð. Í starfi að mannúðaraðstoð gæta Save the Children sérstaklega að velferð barna en þau þurfa sérstaka vernd á tímum hamfara. Samtökin leggja áherslu á að grunnmenntun barna sé hluti af neyðaraðstoð, ekki síst á átakasvæðum þar sem neyðarástand getur ríkt í langan tíma.

SKÝRSLUR ALÞJÓÐASAMTAKANNA

Á árinu 2019 gáfu Save the Children út skýrsluna Stop the War on Children: Protecting Children in 21st Century Conflict. Í skýrslunni er sagt frá því að í það minnsta 550 þúsund ungbörn hafi látið lífið vegna stríðsátaka á árabílinu 2013 og 2017 í þeim tíu löndum sem hvað mest átök hafa geislað samkvæmt greiningu Barnaheilla – Save the Children. Það er að meðaltali yfir 100 þúsund börn á ári hverju. Þar er jafnframt sagt frá því að 420 milljónir barna þjuggu á stríðshráðum svæðum árið 2017 (18% allra barna í heiminum) og að grófum brotum gegn börnum í heiminum hafi fjölgað á milli ára frá 2010–2017.

Þá gáfu samtökin einnig út skýrsluna Global Childhood Report 2019: Changing Lives in Our Lifetime. Skýrslan var gefin út í tilefni af 100 ára afmæli samtakanna. Í skýrslunni kemur fram að börn í dag hafi betri líkur á að vaxa og þroskast hraust, menntuð og vernduð, með möguleika á að láta ljós sitt skína. Í skýrslunni er kafað í aðalástæður barnadauða og niðurstaðan er að um það bil 280 milljónir barna hafi það betra í dag en árið 2000.

Í þriðju skýrslu samtakanna sem út kom á árinu, Blast Injuries: The Impact of Explosive Weapons on Children in Conflict, er fjallað um áhrif sprengivopna á börn. Og sagt frá því að fleiri börn búi við stríð í dag en á tímum Kalda stríðsins.



Barnaheill – Save the Children vinna að neyðaraðstoð í Jemen. Á myndinni má sjá ánægð jemensk systkini sem njóta stuðnings samtakanna.

Fjórða skýrslan, *Road to Recovery: Responding to Children's Mental Health in Conflict*, fjallar um andlega heilsu barna er búa á átakasvæðum. Í skýrslunni kemur fram að 142 milljónir barna búi við virkt stríðsástand.

ERLENT SAMSTARF

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna með alþjóðasamtökunum Save the Children International um mótun stefnu og starfshátta. Einnig sjá samtökin á Íslandi um að koma á framfæri helstu fréttum af alþjóðlegri starfsemi samtakanna og taka þátt í hinum ýmsu verkefnum sem þau standa fyrir.

Á hverju ári er haldinn fundur með forsvarsmönnum landsamtaka Save the Children til að móta stefnu og samræma aðgerðir. Ársfundurinn 2019 var haldinn í Oxford. Harpa Rut Hilmarsdóttir formaður stjórnar Barnaheilla sótti fundinn ásamt Ernu Reynisdóttur framkvæmdastjóra. Þátttaka á ársfundum er afar mikilvæg. Þar kemur ýmislegt lærdómsríkt og upplýsandi fram og þar skapast auk þess tækifæri til að mynda tengsl og hafa áhrif.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í samstarfshópi Evrópuhluta Save the Children sem er með aðsetur í Brussel. Aðild að þeim eiga systursamtökin í Bretlandi, Danmörku, Finnlandi, Hollandi, Ítalíu, Litháen, Noregi, Rúmeníu, Spáni,



Barnaheill – Save the Children á Íslandi studdu á árinu 2019 við börn er búa við stríð í Jemen og Síýrlandi.

Svíþjóð, Sviss og Þýskalandi. Meðal markmiða samstarfsins er að hafa áhrif á löggjöf og stefnu Evrópusambandsins

og Evrópuráðsins um málefni sem varða réttindi og velferð barna.

ÞRÓUNARSAMVINNA BARNAHEILLA


Fyrstu skref í að endurvekja þróunarsamvinnu Barnaheilla voru tekin á árinu. Erna Reynisdóttir framkvæmdastjóri og Guðrún Helga Jóhannsdóttir verkefnastjóri erlendra verkefna heimsóttu Úganda heim í mars 2019 þar sem þær framkvæmdu hagkvæmnisathugun. Hagkvæmniathugunin fól í sér greiningu á því hvar mesta þörfin fyrir aðstoð Barnaheilla liggur og hvar henni sé best varið. Þar voru heimsóttir þrír skólar, tveir sem engan stuðning hafa hlotið og einn sem Barnaheill studdu á árunum 2007–2015. Auk þess voru ýmsir aðrir aðilar er starfa að barnavernd í norðurhluta Úganda heimsóttir. Hagkvæmniathugunin leiddi í ljós gríðarlega þörf fyrir aðstoð í baráttunni gegn ofbeldi á börnum. Í skólunum sem engan stuðning hafa hlotið eru líkamlegar refsingar við lýði og viðurkennd uppeldisaðferð bæði hjá kennurum og foreldrum. Þörf er á fræðslu og þjálfun í jákvæðum aga, gerð fjölnotadömubinda fyrir stúlkur, stuðningi við skólamáltíðir, auk þess sem salernis- og eldunaraðstöðu er ábótavant. Ánægjulegasta niðurstaða hagkvæmniathugunar var í Ludel barnaskólanum í Pader héraði í norður Úganda, en hann er einn þeirra skóla sem Barnaheill studdu fram til ársins 2015. Það var mikið gleðiefni að sjá að eldhús og salerni sem byggð voru fyrir stuðning frá Íslandi eru enn í fullri notkun og í góðu ásigkomulagi. Einnig var stórfenglegt að sjá mun á viðhorfum starfsmanna og kennara Ludel skólans og hinna tveggja skólanna sem heimsóttir voru. Í Ludel eru fundnar lausnir við þeim vandamálum sem upp koma og mikið samstarf er milli skóla og foreldra. Líkamlegar refsingar eru þar ekki við lýði og mjög jákvætt andrúmsloft er í skólanum.




Tekjur og gjöld 2019











































Tekjur af reglulegri starfsemi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi voru samtals tæplega 170 milljónir. Rúmlega 50% tekna samtakanna komu frá einstaklingum í formi einstaklingsframlaga og fjáraflana. Rekstrargjöld voru um 171 milljón, þar af runnu 72% beint í verkefni samtakanna. Reksturinn var í ágætu jafnvægi og var tap með fjármagnsliðum um 2,1 milljónir á árinu sem skýrist að hluta af breyttum bókunaraðferðum.

SKIPTING TEKNA



SKIPTING GJALDA



<p>1</p>  <p>HUGTAKIÐ BARN</p>	<p>2</p>  <p>ÖLL BÖRN ERU JÖFN</p>	<p>3</p>  <p>ÞAÐ SEM BARNINU ER FYRIR BESTU</p>	<p>4</p>  <p>RÉTTINDI GERÐ AÐ VERULEIKA</p>	<p>5</p>  <p>LEIÐSÖGN FJÖLSKYLDU</p>	<p>6</p>  <p>LÍF OG PROSKI</p>	<p>7</p>  <p>NAFN OG RÍKISFANG</p>
<p>8</p>  <p>PERSÓNULEG AÐKENNI</p>	<p>9</p>  <p>TENGLI VIÐ FJÖLSKYLDU</p>	<p>10</p>  <p>TENGLI VIÐ FORELDRA Í ÖÐRUM LÖNDUM</p>	<p>11</p>  <p>VERND GEGN BROTTNÁMI</p>	<p>12</p>  <p>VIÐING FYRIR SKOÐUNUM BARNNA</p>	<p>13</p>  <p>FRELSI TIL AÐ DEILA HUGMYNDUM SÍNUM</p>	<p>14</p>  <p>SKOÐANA- OG TRÚFRELSI</p>
<p>15</p>  <p>FÉLAGAFRELSI</p>	<p>16</p>  <p>PERSÓNUVERND OG EINKALÍF</p>	<p>17</p>  <p>AÐGengi AÐ UPPLÝSINGUM</p>	<p>18</p>  <p>ÁBYRGÐ FORELDRA</p>	<p>19</p>  <p>VERND GEGN OFBELDI</p>	<p>20</p>  <p>UMÖNNUN UTAN FJÖLSKYLDU</p>	<p>21</p>  <p>ÆTTLEIDD BÖRN</p>
<p>22</p>  <p>BÖRN SEM FLÓTTAMENN</p>	<p>23</p>  <p>FÖTLUÐ BÖRN</p>	<p>24</p>  <p>HEILSVERND, VATN, MATUR, UMHVERFI</p>	<p>25</p>  <p>EFTIRLIT MEÐ VISTUN BARNNA UTAN HEIMILIS</p>	<p>26</p>  <p>FÉLAGSLEG OG EFNAHAGSLEG AÐSTÖÐ</p>	<p>27</p>  <p>MÆRING, FÖT OG ÖRUGGT HEIMILI</p>	<p>28</p>  <p>AÐGANGUR AÐ MENNTUN</p>
<p>29</p>  <p>MARKMIÐ MENNTUNAR</p>	<p>30</p>  <p>MENNING, TUNGU- MÁL, TRÚARBRÖGÐ MINNIHLUTAHOFA</p>	<p>31</p>  <p>HVÍLD, LEIKUR, MENNING OG LISTIR</p>	<p>32</p>  <p>VERND GEGN SKAÐLEGRI VINNU</p>	<p>33</p>  <p>VERND GEGN SKAÐLEGUM VÍMUEFNUM</p>	<p>34</p>  <p>VERND GEGN KYNFERÐISOFBELDI</p>	<p>35</p>  <p>VERND GEGN BROTTNÁMI, VÆNDI OG MANSALI</p>
<p>36</p>  <p>VERND GEGN MISBEITINGU</p>	<p>37</p>  <p>BÖRN Í HALDI</p>	<p>38</p>  <p>VERND Í STRÍÐI</p>	<p>39</p>  <p>BATI OG AÐLÖGUN</p>	<p>40</p>  <p>BÖRN SEM BRJÓTA LÖG</p>	<p>41</p>  <p>BESTU LÖGIN GILDA</p>	<p>42</p>  <p>ALLIR VERÐA AÐ PEKKJA RÉTTINDI BARNNA</p>

43-54



HVERNIG BARNASÁTTMÁLINN VIRKAR

BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA